



Fundargerð aðalstjórnar Íþróttafélagsins Gróttu

14.janúar 2014

Mættir:

Haraldur Eyvinds -formaður

Erla Kristín Árnadóttir- kraftlyftingadeild

Guðjón Norðfjörð -gjaldkeri

Guðrún Edda Haraldsdóttir - fimleikadeild

Hreinn Októ Karlsson – ritari

Gunnar Gíslason –Boðaði forföll Handknd

Hafdís Guðmundsdóttir -varaformaður

Magnús Gunnarsson– Knattspyrnudeild

Ásta Sigvaldadóttir - verkefnastjóri

Kristín Finnbogadóttir – framkvæmdarstj.

Ragnar Rafnsson varamaður boðaði forföll

Dagskrá:

Dagskráin:

- 1. Ráðning verkefnastjóra**
- 2. Yfirlit deilda**
- 3. Áramótaball 2013-2014**
- 4. Þorrablót 2014**
- 5. Íþróttamaður/kona Gróttu**
- 6. Hátíðarsalur**
- 7. Önnur mál**

1. Ráðning verkefnastjóra Gróttu


Rætt var um ráðningu verkefnastjóra.

Verkefnastjóri kemur til fundar.

2. Yfirlit deilda

Handknattleiksdeild enginn fulltrúi mætti

Kraftlyftingadeild.





Starfið gengur vel Fanney Hauksdóttir valin íþróttamaður Gróttu og Aron Teitsson í 3.sæti. Næst á dagsskrá er Íslandsmótið í bekkpressu 18.janúar sem er haldið í tengslum við Reykjavík International Games.

Erla Kristín ætlar að taka 90 kg!

Knattspyrnudeild

Allt gengur vel hjá knattspyrnudeild allt á fullu. Þarf að skoða með magnþjálfun koma meira til móts við einstaklinga þar sem þeir eru staddir, þarf að ræða við yfirþjálfva knattspyrnudeildur um þetta. Verið er að fjölga leikmönnum í meistaraflokki, voru að spila við Víking og töpuðu 1-2. Mikill ferðakostnaður verður í sumar hjá meistaraflokki, töluverð aukning frá fyrra tímabili.

Fimleikadeild.

Dominiqua Alma Belányi var valin fimleikakona ársins hjá FSÍ og fékk líka afreksbikar FSÍ. Búin að vera dósasöfnun hjá fimleikadeildinni sem gekk vel. Hópur frá Gróttu er að fara taka þá í Reykjavík International Games. Gróttu heldur mótið með Fylki og fær aðgangseyri og sjoppu til fjáröflunar. Verið er að athuga með mönnum á bikarliði og er Guðrún bjartsýn að það gangi. Hóparnir T2 og T3 er að fara út í sumar á mót í Helsingborg og fara áhaldakrakkar til Akureyrar á sama tíma. Mörg mót hjá FSÍ verða haldin á Akureyri og Egilsstöðum í vetur.

3. Áramótaball 2013-2014

Var haldið í íþróttahúsi Gróttu af hópi ungra manna af Nesinu. Tókst í alla staði frábærlega og verður væntanlega framhald á samstarfi á þessu. Gróttu ábyrgðarmaður ballsins. Gróttu fær hluta af hagnaði ef einhver verður. Um 1000 manns sóttu ballið.

4. Þorablót 2014.


Verður haldið í Félagsheimilinu 1.feb. Aðgangseyrir 7500 búist er við mikilli aðsókn og jafnvel biðlista eftir miðum, mikið búið að panta af 260 miðum sem eru í boði.

5. Íþróttamaður/kona Gróttu

Góð mæting var, kom hugmynd frá fimleikadeild að hafa þetta seinna um daginn því það væri ennþá starf í gangi hjá þeim verður skoðað, ánægja með að halda þetta á þessum tíma ársins. Gróttu á stóran hóp krakka úr öllum deildum sem hafa verið valin í yngri landslið Ísland. Kom hugmynd um að velja bæði strák og stelpu í íþróttamann æskunnar og líka að skoða reglur hvort ekki megi tilnefna sama einstakling aftur að ári það má ekki núna. Umræða um verðlaunveitingar á uppskeruhátíðum yngri flokka. Þetta verður allt skoðað. Farið er eftir reglum frá ÍSÍ um Fyrirmyndafélög varðandi verðlaunveitingar yngri flokka.

6. Hátíðarsalur

Mikil ánægja með nýja aðila sem þrifa salinn. Þarf að fara endurnýja margt í salnum. Hugmynd frá formanni að fara í endurnýjun á eldavél, glösum og borðbúnaði.





Vantar líka borð eru farin að tína tölunni, á að auglýsa á Snáldrunni og bland.is jafnvel eftir borðum. Skoða á hvort vilji sé hjá Seltjarnarnesbæ að taka þátt í kostnaði við endurnýjun á tækjum og tólum. Skoða á hvort ekki eigi að hækka leigugjaldið, sem er 35.000 kr

7. Önnur mál

Grótta 50 ára

Styttist í stórafmæli Gróttu, verur 50 ára 2017. Hugmynd frá Haraldi formanni að fá einhvern til að skrifa sögu Gróttu. Vel tekið í það.

Skoða hvort ekki eigi að hafa afmælisþema yfir allt árið svo sem flestar deildi geti tekið þátt.

Rætt var um að færa Gróttudaginn verður skoðað

þarf að uppfæra lista með brons, silfur og gullmerkjahöfum Gróttu og endurskoða úthlutunarreglur.

Erla frá kraftlyftingadeild ræddi um áhyggjur foreldra drengja í 3.flokki karla í handknattleik varðandi fækkun í flokknum. Formaður ætlar að ræða við handknattleiksdeild.

Guðrún Edda kom með fyrirspurn frá Gabor þjálfar hjá fimleikadeild um athugun á einhverskonar íþróttakademíu í samstarfi við skólann. Ákveðið að koma með tillögur og útfærslu ræða þær seinna.

Fundi slitið 21:30

